

# KJARVAL



**1798** KR. KG  
SS Sænsk jólaskinka



**2752** KR. KG  
SS Birkireykt læri úrbeinað



**2398** KR. KG  
ÍM hangilæri úrbeinað



**1749** KR. KG  
Allra hamborgarhryggur úrbeinaður



**1929** KR. KG  
Móa kjóklíngabringur



**998** KR. KG  
Ysuróllur fulltar m/paprikuosti



**139** KR. 2L  
Fanta appelsín



**159** KR. STK.  
Ora rauðkál 1/2 dós



**149** KR. STK.  
Ora grænar baunir



**119** KR. 0,5L  
Egils jólaöl 0,5l



**699** KR. KASSI  
Klemenínur kassi 2,3 kg



**379** KR. 2L  
HD ávaxtasafar 2 lítrar



**229** KR. STK.  
Pipar-, papriku-, hvítlauks og ítalskur ostur



**599** KR. STK.  
Mylltu Ensk jólakaka



**998** KR. PR.  
Bounty eldhúsrúllur 6 stk.

- Þín tilboð í Kjarval - Hella og Hvolsvöllur: Opíð á sun. 12-18

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**

## Góðar jólagjafir:

Gjafabréf í nudd!

Nuddstofa Eriku Irmgrad Pauler  
Sigtúni 5, Vík  
Pantanir í síma: 693 58 91  
eða 487 11 17  
og [erika50@simnet.is](mailto:erika50@simnet.is)

Kveðja Erika Pauler

## FRÉTTABÚI

er í prentun, væntanlegur næstu daga.  
Kveðja, útg.

## Jólafundur Félags Eldri Borgara í Skaftárhreppi

verður haldinn  
á Hótel Laka Efri - Vík

**mánudaginn 15. des. kl. 13.30**

Stjórnin

## Kirkjuskólinn í Mýrdal

Síðasta samvera fyrir jól verður næsta laugardag, 13. desember 2008 kl. 11:15 - 12:00 í grunnskóla Mýrdalshrepps.

Komum okkur í jólaskap saman.

Kveðja,  
*Haraldur M. Kristjánsson*  
sóknarprestur

## Ný netverslun -

[www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.

SMÁUGLYSINGAR



49. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 10. DESEMBER 2008

## Skógræktarfélagið Mörk auglýsir

Jólatrjásala í reit skógræktarfélagsins í Stóra-Hvammi, Fossi á Síðu sunnudaginn 14. desember frá kl. 13:00 til 16:00

Velkomin í skóginn að velja ykkur jólatré.  
Verðið er kr. 2.500.-

Bjóðum upp á heitt súkkulaði og smákökur



## Bókakvöld



Mánudagskvöldið 15. desember kl. 20.00 verður bókakvöld á Héraðsbókasafninu á Kirkjubæjarklaustri. Þar munu þau Þórður Tómasson, Lilja Magnúsdóttir og Eygló Ida Gunnarsdóttir lesa úr verkum sínum. Brian Roger Haroldsson sér um tónlistarflutning á milli upplestra.

Menningarmálanefnd Skaftárhrepps.



## Hótel Geirland

**minnir á skótuveisluna  
í hádeginu á Þorláksmessu**

allir velkomnir  
sjáumst.  
Erla og Gísli



### Aðventukertin

Fyrsta kertið er **Spámanskertið**, sem minnir á fyrirheit spámannanna um komu frelsarans.

Annað kertið er **Betlehenskertið**, og heitir eftir fæðingarþæ Jesús.

Þriðja kertið er **Hirðakertið**, nefnt eftir hirðingjunum sem fyrstir fengu fregnir um fæðingu frelsarans.

Fjórða kertið er **Englakertið**, sem minnir okkur á englana sem fluttu fréttina um fæðingu frelsarans. *tekið af jólaþef Júlía*



## Eigendur bifreiða með ökumæli takið eftir!!

Mánudaginn 1. des. hefst álestrartímabil af ökumælum bíla og tengivagna yfir 10 tonn að heildarþunga, og stendur yfir til mánudagsins 15. des. Lesið verður af mælunum í áhaldahúsinu í Vík alla virka daga á tímabilinu frá kl. 8:00 til 12:00 á hádegi. Í Skaftárhrepp verður lesið af mælum föstudaginn 12. des.

Nánari upplýsingar veitir Vegagerðin í Vík í síma 522-1372

Vegagerðin

## Íþróttamaður ársins í Skaftárhreppi



Senn líður að hinni árlegu útnefningu á Íþróttamanni ársins í Skaftárhreppi. Kjörið fer fram í desember og verður það nánar auglýst síðar. Hér með er óskað eftir tilnefningu frá öllum aðildarfélögum USVS í Skaftárhreppi. Einnig væru tilnefningar vel þegnar frá öðrum en aðildarfélögum USVS um hvern þann sem t.d. hefur náð langt í íþróttum eða verið í landsliði í sinni íþróttgrein. Skilyrði er að íþróttamaður ársins hafi lögheimili í Skaftárhreppi.

Reglugerð um val á Íþróttamanni ársins í Skaftárhreppi má nálgast á klausur.is undir "stjórnkerfi" og þar undir "samþykktir". Athygli skal vakin á að 2. gr. reglugerðarinnar hefur verið breytt á þann hátt að viðkomandi þarf að vera a.m.k. 16 ára á árinu.

Tilnefningum, ásamt greinargerð um árangur, skal skila skriflega til formanns æskulýðs- og íþróttanefndar, Þorsteins M. Kristinssonar, eða á netfangið [thorstkr@ismennt.is](mailto:thorstkr@ismennt.is), í síðasta lagi 15. desember 2008.

Æskulýðs- og íþróttanefnd Skaftárhrepps.

## Guðspjónustur í Mýrdal jólin 2008

**24. des. Aðfangadagur** - Aftansöngur í Víkurkirkju kl. 18:00.  
Samkór Mýrdælinga syngur undir stjórn Kára Gestssonar organista.

**25. des. Jóladagur** - Guðspjónusta í Reyniskirkju kl. 14:00.  
Organisti er Kristín Björnsdóttir. Almennur safnaðarsöngur

**25. des. Jóladagur** - Hátíðarguðspjónusta í Skeiðflatarkirkju kl. 16:00.  
Samkór Mýrdælinga syngur undir stjórn Kára Gestssonar organista.

**28. des. Sunnud.** milli jóla og nýárs 14:00 Guðspjónusta í  
Sólheimakapellu, kl. 14:00 - Organisti er Kristín Björnsdóttir.  
Almennur safnaðarsöngur.

**28. des. Sunnud.** milli jóla og nýárs - Helgistund á Dvalar-  
og hjúkrunarheimilinu Hjallatúni í Vík, kl. 17:00.

*Fjölmennum til kirkju á fæðingarhátíð frelsarans.*



*Sóknarprestur*



### Fundur fyrir atvinnulífið

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og Atvinnumálanefnd Mýrdalshrepps efna til súpufundar á **Ströndinni, Víkurskála kl. 12.00.** mánudaginn 15. desember n.k.

Kynnt verður starfsemi Atvinnuþróunarfélagsins, Eignarhaldsfélags Suðurlands og Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestamannaeyja. Nú er tækifæri fyrir atvinnurekendur á svæðinu að koma með fyrirspurnir og ræða málin.

Fundurinn er öllum opinn en við hvetjum sérstaklega alla atvinnurekendur á svæðinu til að mæta.

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og Atvinnumálanefnd Mýrdalshrepps

### Fundarboð



Sjálfstæðisfélag V-Skaftafellssýslu, FUS Hjörleifur og Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna boða til félaga-  
fundar **miðvikudaginn 17. desember n.k. kl. 20:30**  
að Hótel Geirlandi.

Fundarefni:

Kjör fulltrúa á landsfund Sjálfstæðisflokksins  
sem fer fram 29. janúar til 1. febrúar 2009.



Formenn

## Vatnaskil í umræðu um þjóðveg 1 í gegnum Mýrdalinn: Hagkvæmast að endurbæta núverandi veglínu

Vegagerð ríkisins hefur kannað verkfræðilegar forsendur endurbóta á þjóðvegi 1 um Mýrdal, og skilað um það greinargerð. Þar kemur fram að unnt er að gera verulegar endurbætur á núverandi veglínu fyrir innan við einn milljarð króna án teljandi umhverfisáhrifa. Vegagerðin telur aðra vegkosti þrefalt til fimmfalt dýrari og úr greinargerðinni má glöggst lesa að þeir munu hafa veruleg óafturkræf áhrif á byggð og umhverfi.

Skýrsla Vegagerðarinnar markar þáttaskil í ákøfum deilum sem staðið hafa um þjóðleið í gegnum Mýrdalinn og leggur grunn að því að ákvörðun sé tekin um að hefja nauðsynlegar endurbætur á núverandi veglínu. Skýrslan birtir enn fremur sérfræðiálit Umhverfisstofnunar og gögn um samráð Vegagerðar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar, þar sem er ráðið frá vegagerð um votlendissvæðin við Dyrhólaós og varað er við vandamálum og kostnaði við vegagerð í Víkurfjöru.

### Endurbætur hagkvæmasta leið til að auka öryggi

Endurbætur á núverandi veglínu eru langsamlega ódýrasti kosturinn til samgöngubóta um Mýrdalinn og eru til þess fallnar að auka verulega umferðaröryggi þar sem vegi er breytt þar sem óhöpp hafa helst orðið. Þær lágmarka landþörf fyrir þjóðveg um landþröngt hérað, taka minnst land undir nýlagnir og valda því minnsta mögulega tjóni á nytjalandi. Endurbætur á núverandi veglínu raska ekki núverandi byggð og munu því ekki leiða til rýrnunar á eignum. Þær valda nær engu tjóni á

umhverfi og raska hvorki lífríki, votlendi né fjörum. Leiða má að því líkum að endurbætur á núverandi veglínu muni hinsvegar auka lífsgæði og verðmæti lands og eigna, styrkja núverandi byggð og bæta ímynd héraðsins.

### Breytt veglína:

#### Umturnar ímynd og lífsgæðum

Ný og breytt veglína myndi valda meiri háttar umróti á fornum byggðahverfum, á kjörlendi fugla, mýrlendi og öðrum votlendissvæðum við Dyrhólaey og Reynisfjall sem að drjúgum hluta eru á Náttúruminjaskrá. Breytt veglína mundi valda gríðarlegri rýrnun á verðgildi eigna bæði í Vík og í dreifbýlinu. Þá myndi veglína sunnan Víkur fórna Víkurfjöru - sem valin var ein af fegurstu fjörum heims af tímaritinu National Geographic - og þeirri náttúrusýn sem Víkurþorp er heimsþekkt fyrir. Ekki er ofsagt að lega þjóðveg 1 þvert í gegnum helstu náttúruperlur héraðsins muni valda óbætanlegu tjóni á ímynd þess og lífsgæðum íbúanna um alla framtíð.

### Breytt veglína: Ómældur kostnaður - en ekki sýnt fram á aukið öryggi

Þeir kostir sem reifaðir eru í skýrslu Vegagerðarinnar sýna að beinn kostnaður við breytta veglínu myndi hið minnsta nema 3-5 milljörðum króna. Raunverulegur kostnaður er þó að líkindum mun hærri þar sem lítið eða ekkert tillit er tekið til eftirfarandi þátta: (a) Berggerðar við möguleg jarðgöng og jarðvegs á votlendissvæðum nýrra vega, (b) líklegra skaðabótakrafna fjölda land- og húseigenda, (c)

rýrnunar verðmæta í Vík og í dreifbýlinu, (d) neikvæðra áhrifa á ferðapjónustu og landbúnað, (e) neikvæðra áhrifa á ímynd héraðsins og (f) annars ótalins umhverfiskostnaðar.

Skýrsla Vegagerðarinnar sýnir hinsvegar ekki fram á að þessir kostir auki umferðaröryggi þannig að slíkur fórnarkostnaður sé réttlætanlegur, í samanburði við endurbætur á núverandi þjóðleið.

### Endurbætur á núverandi þjóðleið - með öryggi og samstöðu að leiðarljósi

Á undanförunum misserum hefur fjöldi íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal beitt sér fyrir því (1) að núverandi þjóðleið verði endurbætt með öryggi, hagsæld og samstöðu að leiðarljósi, og (2) að hrundið verði aðför að eignum, byggð og umhverfi með kröfum um gerð þjóðvegur í gegnum náttúruperlur og nytjalönd.

Hér eru í húfi gríðarleg náttúruverðmæti, eignir og velferð íbúanna. Hér eru í húfi framtíðar hagsmunir atvinnulífs innan og utan héraðs, ekki síst ferðapjónustu og landbúnaðar.

### Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal



Láttu góðsemina lýsa af andliti þínu í augum og í hlýrri kveðju. Handa börnum, handa fátækum, handa öllum sem þjást og eru einir, skaltu eiga glatt bros. Veittu þeim ekki aðeins umhyggju gefðu þeim líka hjarta þitt.

Móðir Teresa

## LÖGREGLAN HVOLSVELLI Samantekt vikuna 1. til 8. desember 2008

Alls voru 73 mál þessa vikuna á Hvolsvelli.

Í vikunni sem leið voru 4 stöðvaðir fyrir of hraðan akstur í umdæminu, en sá sem hraðast ók var á 118 km hraða. Dreigið hefur úr hraða og umferð en nú er sá tími sem fólk fer að fara langar leiðir til innkaupa. Betra er þá að fara sé hægt og gæta öryggis í umferðinni.

Þrjú umferðaróhöpp voru tilkynnt í vikunni en þar af tvær útafkeyrslur. Engin slys urð í þessum tilvikum. Mjög hált hefur verið og hvetjum við öikumenn að sýna varúð. Eitt vinnuslys var tilkynnt í vikunni á Hamragarðaheiði. Þar slasaðist maður er hann fékk stóran lykil í andlitið. Hann var fluttur á Heilsugæslustöðina á Hvolsvelli en tennur hans brotnuðu. Meiðsl hans voru talin minniháttar.

Í vikunni var mjög virkt eftirlit með ölvunar- og fíkniefnaakstri en enginn var stöðvaður fyrir slíkt brot í vikunni og erum við ánægðir með það.

Minum við á að mjög strangt og virkt eftirlit verður með þessum málaflokki á næstunni.

Annars var vikan í heild mjög góð á Hvolsvelli.

tekið saman af,  
Guðmundi Inga Ingasyni,  
varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri

